


Stefnuræða með fjárhagsáætlun 2010 – síðari umræða 7. janúar 2010

Frumvarp að fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árið 2010 er hér lagt fram til síðari umræðu. Gert er ráð fyrir 63 m. kr hagnaði af A-hluta en 118,5 m. kr hagnaði af samstæðu A- og B hluta að teknu tilliti til afskrifta, vaxta og áætlaðrar aukningar lífeyrisskuldbindinga.


Í fyrri stefnuræðu var farið nokkuð yfir helstu málaflokka og verður það ekki gert aftur hér. Þess í stað verður hér á eftir lögð sérstök áhersla á fjárhagslega stöðu sveitarfélagsins og horfur í þeim efnum, en stefnan hefur verið sett á hallalausan rekstur sem kunnugt er. Ekkert bendir til annars en að það takist. Farið verður yfir rekstrarafkomuna, tekjur og gjöld ásamt fjárfestingum og skuldastöðu sveitarfélagsins. Reynt verður að setja efnið fram sem mest á myndrænan hátt þar sem um mikið talnaflóð er að ræða.

Góð rekstrarafkoma bæði A - hluta og samstæðu A - og B - hluta

Rekstrarafkoma kaupstaðarins samkvæmt fjárhagsáætluninni hlýtur að teljast mjög viðunandi, ekki síst ef horft er til áranna á undan og þeirra aðstæðna sem almennt eru í þjóðfélaginu í dag. Sérstaka athygli vekur mikill viðsnúningur í rekstri A-hluta sem reiknað er með að verði rekinn með 63 milljón króna hagnaði árið 2010 í samanburði við 104 m. kr tap á árinu 2008 eða 41 m. kr tapi ef horft er framhjá því tapi sem A- hlutinn tók á sig vegna B- hlutans á árinu 2008 til að greiða hallan á rekstri B- hlutans. Rétt er að taka fram að ekki er um neinar óreglulegar tekjur að ræða í rekstri A- hlutans, hvorki í útkomuspá 2009 né í áætlun fyrir árið 2010. Óreglulegar tekjur koma allar inn í B- hluta fyrirtækið „félagslegar íbúðir“.




Rekstrarafkoma samstæðunnar er einnig mjög góð samkvæmt áætluninni, eða 118 m. kr eins og áður sagði. Rétt er þó að taka fram að þar af skýrast 73 m. kr af óreglulegum tekjum og hagnaður samstæðunnar, sem eftir stendur að frádregnum óreglulegum tekjum er 45 m. króna. Af B - hluta fyrirtækjunum eru það Vatnsveitan og Félagslegar íbúðir sem rekin eru með halla.



Tekjur


Tekjur samstæðureiknings eru 647 m. króna án óreglulegra tekna sem nema 73 m. króna, eða samtals 720 m. króna. Reiknað er með að skatttekjur ársins verði 325,8 m. króna, framlög Jöfnunarsjóðs 121,3 og aðrar tekjur 199,7 m. króna. Aðrar tekjur hækka um 4 m. kr frá fyrri umræðu vegna væntanlegrar endurgreiðslu á hluta tryggingargjalds.

Nú liggja fyrir tölur um greidda staðgreiðslu sem benda til að útsvarstekjur á Vestfjörðum hafi aukist um 15% á milli árána 2008 og 2009, en endanlegt uppgjör mun ekki liggja fyrir fyrr en í febrúar. Aukning útsvarstekna í Bolungarvík á milli árána 2008 og 2009 er nálægt 39% samkæmt sömu upplýsingum og stafar aukningin væntanlega af þrennu. Í fyrsta lagi almennri aukningu sem reikna má með að sé a.m.k. sú sama og að meðaltali á Vestfjörðum eða 15%. Aukningin er ekki síst vegna aukinna umsvifa í sjávarútvegi, en afli sem landað er í Bolungarvíkurhöfn hefur aukist um 15% á milli ára, sem styður það mat. Í öðru lagi má ætla að aukningin stafi af umsvifum við jarðgöng og snjóflóðavarnir og eru áhrif þess metin 12%. Í þriðja lagi var á árinu 2009 lagt 10% álag á útsvar í Bolungarvík. Greidd staðgreiðsla ársins 2009 er nú orðin 346 m. kr en fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 reiknar með útsvarstekjum sem nema 297 m. kr. Fjárhagsáætlunin gerir þannig ráð fyrir 50 m. kr lækkun útsvarstekna á milli ára.




Skuldalækkun þrátt fyrir fjárfestingar

Í lok ársins 2010 verða skuldir án lífeyrisskuldbindinga 913 m. kr. Heildarskuldir A- og B- hluta að frádregnum veltufjármunum sem eru 155 m. kr verða þá 758 m. kr. (í fyrri stefnuræðu voru „nettóskuldir“ sagðar 880 m. kr sem leiðréttist hér með). Heildarskuldir með lífeyrisskuldbindingum verða hinsvegar 1.016 m. kr, en einnig má líta á hverjar þær eru að frádregnum veltufjármunum 153 m kr og eignarhlutum í félögum 110 m. kr og fæst þá svipuð niðurstaða eða 751 m. króna. Sambærilegar tölur voru í lok ársins 2008, annarsvegar 960 og hinsvegar 980 milljónir króna. Skuldir munu því hafa lækkað um ríflega 200 milljónir króna frá árslokum 2008 til ársloka 2010. Skuldirnar eru sambærilegar við skuldir í lok ársins 2007 þrátt fyrir að búið verði að fjárfesta fyrir ríflega 320 milljónir króna á árunum 2008, 2009 og 2010, að teknu tilliti til sölu eigna. Sveitarfélagið er auk þessa með tvo rekstrarleigusamninga og greiðir af þeim rúmlega 2 milljónir króna á ári. Rétt er að taka fram að 960 m. krónu skuldir í lok árs 2008 væru 1.117 m króna á verðlagi sem reiknað er með í lok árs 2010. Þannig eru skuldirnar að lækka um 366 m. króna frá árslokum 2008 til ársloka 2010, sé reiknað á föstu verðlagi sem miðast við lok árs 2010.




Lækkun fjármagnskostnaðar

Vegna skuldalækkunar, hagstæðari vaxtakjara og minni verðbólgu fer fjármagnskostnaður sveitarfélagsins lækkandi eins og sjá má á meðfylgjandi stöplariti sem sýnir þróun undanfarinna ára ásamt áætlunum, en eins og sjá má voru afskriftir og vextir nærri 200 milljónir króna árið 2008.




Reksturinn án tillits til afskrifta og fjármagnskostnaðar (EBITDA)

Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd þá er áætlað að reksturinn skili svipaðri framlegð (fyrir afskriftir og vexti) á árinu 2010 og á árinu 2009 ef ekki er horft á óreglulegar tekjur. Mismunur á framlegð í útkomuspá 2009 og áætlun 2010 byggist auk óreglulegra tekna, fyrst og fremst á lægra álagi á útsvar og áætluðum samdrætti vegna minni framkvæmda við jarðgöng.



Fjárfestingar og sala eigna

Eins og áður er vikið að þá hefur sveitarfélagið staðið í talsverðum fjárfestingum á undanförunum árum, sem sjá má á meðfylgjandi mynd. Ekki er hægt að gera ráð fyrir jafn mikilli fjárfestingu næstu árin, nema óvæntar tekjur komi til. En ef áætlanir ganga eftir þá ætti sveitarfélagið samt að hafa nokkurt bolmagn til fjárfestinga.




Breytingar á fjárhagsáætlun frá fyrri umræðu

Fyrir þessa síðari umræðu um fjárhagsáætlun hefur bæjarráð gert tillögu um að lokið verði við framkvæmdir við Félagsheimili Bolungarvíkur fyrir 1. desember næst komandi, en eins og kom fram í fyrri stefnuræðu hafði bæjarráð þá þegar velt upp þeim möguleika. Í stað 25 m. króna fjárveitingar sem

veitt var til verksins í fyrri umræðu hafa 40 m. króna verið settar á áætlun til að ljúka við verksamninginn sem nú er unnið eftir. Auk þess er sett í áætlunina 25 m. kr fjárveiting vegna innréttinga og búnaðar. Það sem gerir þetta kleyft er eftirfarandi. Útkomuspá fyrir árið 2009 gerir ráð fyrir 15 m. kr betri afkomu ársins 2009 en ráð var fyrir gert við fyrri umræðu, en fyrir liggur að greitt útsvar til Bolungarvíkur vegna ársins 2009 er 345 m. króna. Útkomuspá við fyrri umræðu miðaði við 325 m. króna útsvarstekjur og munurinn því 20 m. króna. Í áætluninni hefur verið hætt við ákveðna þætti í viðhaldi sem settir höfðu verið á dagskrá í fyrri áætlun og lækkar það kostnað um 5 m. króna. Þá er gert ráð fyrir tekjum vegna endurgreiðslu á tryggingargjaldi til sveitarfélaga, en veitt hefur verið fjármunum til þess á fjárlögum ríkisins. Vænta má 4 til 5 milljón króna tekjuauka vegna þessa. Því sem á vantar verður mætt með sölu eigna.


Veltufé frá rekstri

Sú stærð sem í raun ákveður það sem kalla má skuldaþol sveitarfélagsins er veltufé frá rekstri. Sú stærð verður að vera a.m.k. jafnhá afborgunum lána til að hægt sé að standa skil á afborgunum þeirra án nýrrar lántöku. Afborganir langtímalána A - hluta eru áætlaðar 87 milljónir á árinu 2010. Þá eru áætlaðar afborganir langtímalána hafnarsjóðs 13 milljónir eða samtals 100 milljónir króna. Reiknað er með að greiða 77 milljónir af lánum félagslega húsnæðiskerfisins, en sú afborgun fer að mestu fram með 73 m. króna skuldaniðurfellingu og þarf því veltufé einungis að standa undir 4 m. kr afborgun þar. Það er því ljóst að veltufé sem nemur 137 m. kr er fyllilega nægjanlegt til að standa undir 104 m. króna afborgunum.



Skipting rekstrarútgjalda

Laun eru stærsti útgjaldaliður sveitarfélagsins. Í A- hluta nema þau 165,6 m. króna eða 47% af heildartekjum A – hluta en auk þess er reiknað með að aukning lífeyrisskuldbindinga verði 5 m. króna eða 1%. Annar rekstrarkostnaður nemur 164,6 m. króna eða 30%. Fjármagnsgjöld A - hluta nema 31,8 m. kr en fjármagnsgjöld bæði A- og B - hluta nema samtals 82 m. króna.



Forgangsröðun

Forgangsröðun verkefna er lykilatriði í rekstri sveitarfélaga. Verkefnin eru óþrjótandi bæði við uppbyggingu og viðhald. Þá þarf að gera ráð fyrir óvæntum fjárútlátum til að bregðast megi sem best við þeim vandamálum sem kunna að koma upp. Þar fyrir utan eru svo öll verkefni við lögbundna þjónustu og ýmsa þjónustu sem teljast verður grunnþjónusta þótt hún sé ekki lögböðin. Lögböðin þjónusta og grunnþjónusta er því ávallt sett í forgang þegar kemur að skiptingu fjármuna til verkefna.

Endurbygging félagsheimilisins

Í fjárhagsáætlun 2010 er endurbygging Félagsheimilisins lang fjárfrekasta verkefnið. Þar sem ljóst var að verkefnið yrði mjög langt komið í árslok 2010 samkvæmt þeim áætlunum sem settar voru fram við fyrri umræðu um fjárhagsáætlun var ákveðið að leita leiða til fjármögnunar til að hægt yrði að klára verkefnið á árinu.

Ekki stendur til að sveitarfélagið taki lán til framkvæmdanna, enda mundi það vera á skjön við samning bæjarstjórnar við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga sem beinlínis kveður á um að sveitarfélagið taki engin ný lán umfram þau sem getið er um í samningnum. Því verður framkvæmdaröðin með þeim hætti að í fyrsta lagi verður samið við verktakann um að ljúka við vinnu samkvæmt þeim verksamningi sem gerður var 2008. Af því verki standa nú eftir um 20%. Í öðru lagi verður lokið við hönnun á þeim verkhluta sem þá er eftir, sem eru aðallega innréttingar í eldhúsi, bar, fundarsal og fatahengi í nýbyggingu. Því næst verður leitað tilboða í þennan síðari verkhluta. Í þriðja lagi verður á sama tíma ráðist í eignasölu til að fjármagna þann áfanga ásamt kaupum á búnaði. Ekki verður hægt að ganga frá verksamningi við þann þátt fyrir en séð verður að áætlanir séu að ganga upp og fjármögnun framkvæmdanna sé í höfn. Af þessum sökum er framkvæmdinni gefinn rúmur tími og ekki reiknað með verklokum fyrir en 1. desember á þessu ári.

Íþróttamiðstöðin Árbær

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2009 var mikið rætt um niðurskurð í Íþróttamiðstöðinni Árbæ. Til að mæta kröfum EMFS um lækun á kostnaði var ákveðið að loka sundlauginni á mánudögum og stytta opnunartímann. Komið hefur í ljós að þrátt fyrir niðurskurð þá hefur tekjuáætlun fyrir Árbæ gengið eftir á árinu 2009. Sumarið 2009 reyndist sundlauginni m.a. hagfellt og er greinilegt að straumur ferðamanna í sundlaugina hefur þar haft mikil áhrif.

Því er það lagt til hér að bæjarstjóra verði falið í samráði við forstöðumann Árbæjar að koma með tillögu að auknum opnunartíma sundlaugarinnar í sumar. Allar líkur eru á að ferðamannastraumurinn aukist enn, þar sem nú er komið bundið slitlag alla leið frá Reykjavík til Bolungarvíkur og ferðatíminn auk þess orðinn styttri, bæði með tilkomu vegar um Arnkötludal og tilkomu brúar yfir Mjóafjörð. Þá eru allar líkur á að með opnun Bolungarvíkurganga þá aukist aðsókn í sundlaugina frá nágrennabyggðunum. Við því þarf þá væntanlega að bregðast með auknum opnunartíma næsta vetur. Rétt er því að nýta tímann í vetur til að huga að því hvernig sé heppilegast að haga opnunartímanum næsta vetur til að mæta eftirspurninni.

Fræðslumál

Eins og komið var inn á í fyrri stefnuræðu hefur farið fram könnun á sameiningu skólastigana þriggja í Bolungarvík. Þar sem bæjarfulltrúar ásamt skólastjórnendum og formanni fræðslumálaráðs hafa nú haft skýrsluna undir höndum í nokkurn tíma til að kynna sér efni hennar er rétt að upplýsa hér um það sem skýrsluhöfundur leggur til í niðurstöðum skýrslunnar:

(tilvitnun hefst)

- *Starfsemi leikskólans verði áfram á núverandi stöðum í Lambhaga og Hlíðarstræti*
- *Starfsemi tónlistarskólans verði áfram að Skólastíg 3, Bolungarvík, eins og nú er.*
- *Áfram verði skólastigin þrjú rekin stjórnskipulega sitt í hvoru lagi eins og nú er .*
- *Að gripið verði til aðgerða til að ná fram rekstrarlegri hagkvæmni í samræmi við valkost Sam-A. Sá valkostur gerir ráð fyrir óbreyttu stjórnunarlegu fyrirkomulagi, auknu samstarfi milli skólastiga og tilteknum breytingum á störfum. Allt að 4,1 m. kr rekstrarleg hagræðing á ársgrundvelli er fólgin í þessum valkosti sem nánar er gerð grein fyrir í Viðauka.*

Auk þess er talið rétt að þessi mál verði aftur tekin til skoðunar eftir að niðurstöður liggja fyrir um áform sveitarstjórna á Norðanverðum Vestfjörðum um sameiningu sveitarfélaganna á svæðinu.

(tilvitnun lýkur)

Svo vitnað sé til þess sem kemur einnig fram í skýrslunni, þá telur skýrsluhöfundur ótvíræða stjórnunarlega kosti felast í því að sameina öll skólastigin þrjú til þess að hafa starfsemina eins samanþjappaða og kostur er. Fjárhagsleg hagræðing af slíku reiknast þó ekki vera meiri en 3,3 milljónir á ársgrundvelli miðað við að ýtrasta hagræðing við sameiningu náist og telur skýrsluhöfundur því ekki réttlætjanlegt að leggja til stjórnunarlega sameiningu skólastiganna að svo stöddu.

Hvaða ályktun má þá draga af þessu. Jú í fljótu bragði verður ekki séð að sameining skólastiga með það eitt að markmiði að hagræða eigi rétt á sér. Til þess er áætlaður sparnaður allt of lítill. Vandséð er því að bæjarstjórn geti sett fram slíka tillögu nema til komi þrýstingur frá skólastjórnendum,

fræðslumálaráði og foreldrum, sem teldu að slíkt tryggði meiri gæði þjónustunnar. Rétt er að taka fram að málið er alveg órætt innan bæjarstjórnar ennþá og stefnan hefur ekki verið mörkuð eftir útkomu skýrslunnar.

Í skýrslunni sem er afar viðamikil er einnig farið ítarlega yfir ýmsa möguleika varðandi leikskólann. Líklegt má telja að næsta stóra verkefni sem huga þarf að sé mikil endurnýjun á leikskólanum, viðbygging eða flutningur starfseminnar þannig að hún sé öll á einum stað. Ljóst er ef horft er til þeirra valkosta sem settir eru fram í skýrslunni að ekki er hægt að ráðast í slíka framkvæmd fyrr en þeirri stóru framkvæmd sem nú sér vonandi fyrir endann á, er lokið. Full ástæða er þó til að ræða það mál vandlega núna og fá upp á yfirborðið sem flest sjónarmið þ.a. hægt verði að taka yfirvegaða ákvörðun þegar þar að kemur.

Að lokum

Lítill og meðalstór sveitarfélög á landsbyggðinni hafa átt undir högg að sækja í langan tíma. Glíman við fólksfækkun er erfið og reynir mjög á fjárhag þeirra ekki síst þeirra sem hafa byggt upp þjónustu fyrir mun fleiri íbúa en þau hafa nú. Rétt er þó að hafa í huga að sveitarfélagið á sjálft allar þær eignir sem það hefur starfsemi í auk þess að eiga nokkuð af íbúðarhúsnæði. Bolungarvík hefur þannig sterka eignastöðu og fjárfesting í fasteignum er í raun ekki knýjandi, þótt vissulega megi taka til hendi í frekara viðhaldi þeirra.

Hér að framan hefur verið farið ítarlega yfir margar af lykilstærðunum í rekstri sveitarfélagsins. Óhætt er að fullyrða að þær benda allar til þess að tekist hafi að ná tökum á fjárhag sveitarfélagsins þótt alltaf megi vissulega gera betur. Bæjarráð hefur sett sér það markmið að gera regluleg árshlutauppgjör til að fylgja eftir þeirri fjárhagsáætlun sem hér er lögð fram. Forstöðumenn stofnana sýndu ábyrgð í því að fylgja fjárhagsáætlun síðasta árs og engin ástæða til að ætla annað en að svo verði áfram í ár.

Fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir fjárhagsárið 2010 er hér lögð fram til síðari umræðu.

Bolungarvík 7. janúar 2010
Elías Jónatansson, bæjarstjóri